

REGLUGERÐ

um áhafnadeild Aflatryggingasjóðs.

1. gr.

Áhafnadeild skal greiða hluta af fæðiskostnaði sjómanna samkvæmt neðan-skráðu:

- Til allra lögskráningarskyldra sjómanna á fiskiskipum, öðrum en þeim, sem skráðir eru á togara yfir 500 br. rúml. að stærð og þeirra, sem stunda hvalveiðar, selveiðar og hrognkelsaveiðar.
- Til hlutaráðinna landmanna við linubáta.
- Til sjómanna á þilfarsbátum, sem ekki hafa lögskráningarskyldu. Skilyrði er, að úthald til fiskveiða annarra en hrognkelsaveiða sé ekki skemmra en fjórir mánuðir á ári og áhöfn sé tryggð sömu slysa-, líf- og örorkutryggingum og heildarkjarasamningar sjómanna og útvegsmanna segja til um á hverjum tíma.
- Til sjómanna á opnum vélbátum.

Skilyrði er, að úthald til fiskveiða annarra en hrognkelsaveiða sé ekki skemmra en þrjú mánuðir á ári, að bátarnir séu skráðir þ. e. nafn og umdæmisnúmer og eigendur tryggi áhöfn á sama hátt og greint er í c) lið. Ennfremur skulu eigendur opinna vélbáta framvísa vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins um öryggisbúnað. Greiðslur til sjómanna á opnum vélbátum skulu miðaðar við úthaldsdaga, tímabilið 1. maí til 30. september ár hvert, en aðra tíma árs skal greiða fyrir hvern róður.

2. gr.

Allar greiðslur áhafnadeildar eru miðaðar við það, að um eðlilegt úthald sé að ræða að mati stjórnar Aflatryggingasjóðs. Við mat á úthaldi báta skal stjórn sjóðsins styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Einnig skal leita upplýsinga frá Tilkynningarskyldunni, ef þörf krefur.

Með skrá um hlutaráðna landmenn skal senda afrit af uppgjöri. Þegar um eðlilegt úthald báts er að ræða (eðlilegur löndunarfjöldi miðað við þær veiðar, sem hann stundar), eru fæðisdagar og lögskráningardagar hinir sömu.

Allar tafir frá veiðum (t. d. vegna fría, bilana o. fl.), sem orsakast af öðru en gæftaleysi skal draga frá fæðisdögum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1980 skal skipa fiskiskipum í stærðarflokka sem hér segir:

- fl. Opnir vélbátar og þilfarsbátar allt að 12 br. rúml.
- fl. Fiskiskip stærri en 12 br. rúml. og allt að 130 br. rúml.
- fl. Fiskiskip stærri en 130 br. rúml.
- fl. Minni skuttogarar (þ. e. undir 500 br. rúml.), loðnuskip og önnur sambærileg fiskiskip.

Greiðslur áhafnadeildar ofangreint tímabil skulu vera þessar:

Tímabil	Tímabil	Tímabil
1/6—31/8 '80	1/9—30/11 '80	1/12—31/12 '80
1. fl. G.kr. 1 283.—	G.kr. 1 400.—	G.kr. 1 582.—
2. fl. G.kr. 2 054.—	G.kr. 2 241.—	G.kr. 2 533.—
3. fl. G.kr. 2 742.—	G.kr. 2 991.—	G.kr. 3 380.—
4. fl. G.kr. 3 428.—	G.kr. 3 739.—	G.kr. 4 225.—

4. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 skal flokkaskipan vera þessi:

1. fl. Opnir vélbátar og þilfarsbátar allt að 12 br. rúml.
2. fl. Fiskiskip stærri en 12 br. rúml. og allt að 100 br. rúml.
3. fl. Fiskiskip stærri en 100 br. rúml.
4. fl. Minni skuttogarar (þ. e. undir 500 br. rúml.) loðnuskip og önnur sambærileg fiskiskip.

Greiðslur samkvæmt þessari grein skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 1981:

1. fl. kr. 15.82 á úthaldsdag fyrir hvern sjómann.
2. fl. kr. 25.33 á úthaldsdag fyrir hvern sjómann.
3. fl. kr. 33.80 á úthaldsdag fyrir hvern sjómann.
4. fl. kr. 42.25 á úthaldsdag fyrir hvern sjómann.

Fjárhæðir þær, sem um getur í þessari grein skulu breytast með breytingum á matvörulíð framfærsluvísitölu.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 101 31. des. 1980 og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar,
nr. 213 28. mars 1980.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0,36 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,18 á brúttórúmllest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0,36 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári. kr. 24,60 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 123,55.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,18 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.